

Viðbragðsáætlun fyrir Ungmennafélagið Einherja

Það eru ýmis atvik sem geta komið upp í íþróttastarfi og það þarf að bregðast við þeim. Hér eru nokkrar grunnreglur og verkferlar sem Ungmennafélagið Einherji hefur til að tryggja rétt viðbrögð. Verkferlarnir eru einfaldir og eiga við í öllum tilfellum. Viðbragðsáætlun nær til agabrot, ávana og vímuefnanotkunar, eineltis og kynferðisbrota.

Ef atburður er alvarlegur skal starfsmaður/þjálfari ávallt vísa málinu til aðalstjórnar sem metur hvort það sé hægt að leysa það innan félags eða hvort þurfi að vísa því áfram til frekari úrvinnslu.

Sé um viðbrögð við brotum starfsmanns/þjálfara að ræða fylgja þau sama ferli eftir að aðalstjórn fær upplýsingar um brotið, hvort sem það er frá iðkendum, foreldrum eða öðrum starfsmönnum/þjálfurum.

Hér að neðan má sjá verkferla fyrir agabrot, aðrir hlutar áætluninnar eru í vinnslu.

Agabrot	Ferli	Tilkynning
Með agabrotum er verið að vísa til brota á lögum og reglum félagsins. Þeim er skipt upp í væg og alvarleg agabrot.		
Væg agabrot er almenn óhlýðni við fyrirmælum þjálfara og óviðundandi hegðun eins og óláta.	Við væg agabrot fær viðkomandi fyrst tiltal, ef það hefur ekki áhrif er viðkomandi settur í pásu af æfingu í stutta stund og fær annað tiltal.	Einnig er hægt að fyrirskipa að viðkomandi verði í fylgd ábyrgaraðila ef þurfa þykir.
Alvarleg agabrot eru t.d. ofbeldi í öllum birtingarmyndum eins og líkamsmeiðingum.	Viðkomandi aðila er vísað af æfingu eða viðburði. Haft er samband við foreldri/forráðamenn og sjá til þess að barnið sé sótt hið fyrsta.	Rætt við foreldra/forráðamenn allra aðila um málavexti.
Við ítekruð agabrot getur	Þjálfari vísað viðkomandi tímabundið af æfingum og eru foreldrar/forráðamenn upplýstir um þá ákvörðun. Þjálfari tekur slíka ákvörðun aðeins í samráði við stjórn félagsins.	Foreldrum/forráðamönnum gert viðvart með símtali